



## Bréf varðandi álit lagadeildar vegna landhelgisdeilunnar

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnámál – Dóms- Heilbrigðis- og – Iðnaðarmálaráðherra – Landhelgisdeilan –  
Lagadeild Háskóla Íslands – Ármann Snævarr – Magnús Þ. Torfason – Theodór B. Líndal

## ***Tekið af vef Borgarskjalasafnsins***

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

***Einkaskjalasafn nr. 360***

***Stjórnmalamaðurinn***

Askja 2-25, Örk 5

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík, 6. mars 1961.

Með bréfi, dags. í dag, hefi þér, hestvirti dómsmálaráðherra, óskað áhlits lagadeildar á því, "hvort breyts ríkisstjórnin viðurkenni 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, ef hún fellst á þá lausn fiskveiðideilunnar, sem ráðgerð er í tillögu til þingsályktunar um það efni á þskj. 428 ...." Prófessor Ólafur Jóhannesson óskaði ekki að taka þátt í meðferð málsins í deildinni, með því að hann á sesti á Alþingi, og prófessorar í viðskiptafræðum hafa ekki heldur fjallað um það.

Í upphafi þykir rétt að taka fram, að deildin hefir ein-skorðað athugun sína við 1. tölulíð 1. málsgreinar í orðsendingu utanríkisráðherra Íslands til utanríkisráðherra Bretlands, en þer segir svo:

"Ríkisstjórn Bretlands falli frá mótumelum sínum gegn tólf mílna fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, sem mald er frá grunn-linum samkvæmt 2. gr. hér á eftir, og er þá eingöngu átt við fiskveiðilögsögu."

Þegar á þessu stigi þykir ástæða til að benda á, að í íslenska textanum segir, að ríkisstjórn Bretlands falli frá mótumelum sínum (auðkennt hér), en í enska textanum segir: "The United Kingdom Government will no longer object to ...." (auðkennt hér). Þótt sérfræðipekkingu á ensku máli sé ekki til að dreifa meðal deildermanna, verður deildin þó að telja, að hér

sé s.m.k. um nokkurn blaðbrigðadun að ræða á textunum tveimur.

Þegar reglugerð nr. 21/1952 um fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland var sett, andmelti þreka ríkisstjórnin þegar í stað þeirri ákvarðun á þeim grundvelli, að hún væri andstæð alþjóðarétti. Hinnu sama gegndi, þegar reglugerð nr. 70/1958 um sama efni var sett, en þá fylgdi þreka ríkisstjórnin eftir endmalum sínum með virkum aðgerðum, svo sem kunnugt er. Af Íslands hálfu hefir því ávallt verið haldið fram, að ákvarðanir íslensku ríkisstjórnarinnar hafi verið samkvæmar alþjóðalögum. Hér hefir því verið um milliríkjadeilu að ræða, og er til þess stofnað með framangreindum orðsendingum að útkljá hana til frambúðar. Þegar skýra á framangreint orðslag í orðsendingu utanríkisráðherra Íslands, verður að hafa í huga annars vegar, að ekki er að því stefnt að kveða á um, hvor aðiliinn hafi hér á réttu að standa, heldur að því að leysa deiluna til frambúðar, og verður þá skiljanlegt, að sneitt sé hjá að nota orðið "að viðurkenna" í þessu sambandi.

Þegar réttarágreiðingur er milli tveggja aðilja og annar hefir andmelt skilningi hins eða aðgerðum, en lýsir síðan yfir því fyrirvaralaust, að hann falli frá andmalum sínum, er það skýrt svo samkvæmt almennum lögskjónarmiðum, að með því skuldbindi sé aðili sig til að hverfa endanlega frá andmalum sínum og tjófi ekki að hafa þau uppi síðar. Gegnir þessu eigi síður í milliríkjavíðskiptum. Ef greint orðslag verður þéttur í samningi milli þreka og íslensku ríkisstjórnanna, teljum við því, að samningurinn falli í sér skuldbindingu fyrir þreka ríkis um að virða frávægis 12 mílna fiskveiðilögsögu umhverfis

6/3/61  
blað 3

Ísland.

Saukvæmt þessu er það skoðun okkar, að framsngreint orðalag fell efnislega í sér viðurkenningu brezku ríkisstjórnarinnar á 12 mílana fiskveiðilögsögu umhverfis Ísland, ef fiskveiðisattlan verður leynt með þessum hætti.

Theodor B. Lindal  
(Sigu)

Með sérstakri virðingu,

Annann Snarann  
(Sigu)

Magnús Þ. Þorjarsen  
(Sigu)

Til

dómaróluráðgjafar,

Ljósfræðingastofu,

Reykjavík.